

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 31.05.2023

Verkefnaráð	1
Reykjavíkorkortið – snjalllausn	2
Jira – fasi 1 MÍR	4
Gervigreind í þjónustu Reykjavíkur	6
Viðmið í gervigreindri þjónustu Reykjavíkurborgar	8
Starfsumsóknakerfi – fasi 2	10
Átak í teikningaskönnun – beiðni um breytta ráðstöfun fjárfestingar	11

Verkefnaráðsfundur 31.05.2023

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 31.05.2023
Dagsetning 31.05.2023	Staðsetning Borgartún 12-14.
Mættir: Ásta Þöll Gylfadóttir, Eva Björk Björnsdóttir, Ólafur Óskar Egilsson, Þróstur Sigurðsson, Óskar Sandholt, Lára Aðalsteindóttir, Ásgrímur Már Friðriksson, Búi Bjarmar Aðalsteinsson, Salvör Gyða Lúðvíksdóttir, Óskar Þór Þráinsson, Olga Sigurðardóttir	
Fjarverandi: Arna Ýr Sævarsdóttir	
Fundarritari: Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Fimmtudaginn, 31.maí 2023, kl. 14:00 – 15:30 – 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

- 14:00 - 14:05 Samstilling
- 14:05 – 14:20 Reykjavíkorkortið - snjalllausn: Lára og Ásgrímur
- 14:20 – 14:25 Jira – fasi 1 MÍR: Lára
- 14:25 – 14:35 Umræður
- 14:35 – 14:50 Gervigreind í þjónustu Reykjavíkur: Búi Bjarmar
Viðmið í gervigreindri þjónustu Reykjavíkurborgar: Búi Bjarmar
- 14:50 – 15:00 Umræður
- 15:00 – 15:10 Starfsumsóknakerfi – fasi 2: Salvör
- 15:10 – 15:15 Umræður
- 15:15 – 15:25 Átak í teikningaskönnun – beiðni um breytta ráðstöfun fjárfestingar: Óskar og Olga
- 15:25 – 15:30 Umræður
- 15:30 Fundi slitið

Reykjavíkorkortið – snjalllausn

Áskorunin sem staðið er frammi fyrir er að í dag eru þrjár lausnir í gangi er snúa að plastkortum, þetta eru Sundkort, Fjölskyldugarðskort og Menningarkort. Þau eru afgreidd með mismunandi afgreiðslukerfum, þ.e BRP og Centara. Þjónustan er brotin og lausnin í formi plastkorta og útprentaðra aðgöngumiða.

Verkefnið kemur sundlaugum, söfnum, ásamt Fjölskyldu- og húsdýragarðinum undir einn hatt. Þ.e. ein lausn, eitt kort og eitt kerfi. Borgarbúar og gestir geta fylgst með gangi mála, sótt um og fyllt á kortin sín á Mínum síðum, Starfsmannagáttinni eða með einfaldri sjálfsafgreiðslu. Kortið verður aðgengilegt í snjallveskjum og geta notendur skannað sig sjálf inn við afgreiðslu og þar með létt á álagi framlínustarfsmanna. Verkefnið dregur úr plastnotkun og er mikilvægur þáttur í stafrænni umbreytingu Reykjavíkurborgar.

Farið var í vinnustofu með stjórnendum og helstu lykilaðilum. Mikill meðbyr með verkefninu og sviðstjóri Menningar og íþróttasviðs stendur þétt á bak við þessa leið.

Búið er að gera:

- Forgreiningu
- Vinnustofa haldin með hagaðilum á MÍR, Verkefnið hefur rekist á vegg, nú er lögð áhersla á að skoða sem eina heild fyrir borgarbúa, í stað mismunandi eininga
- Þarfagreiningu
- Notendarannsóknir
- Desk research

Með verkefninu á m.a að:

- Móta nýja lausn frá grunni þar sem sameining MOF og ÍTR hefur átt sér stað undir merkjum MÍR
- Fara í nýsköpun og sjálfstæða vöru óháða núverandi kerfum og sérþörfum einstakra deilda
- Hafa þörf borgarbúans í forgrunni
- Vera einungis með eitt kort, ein vara
- Ný mörkun, nýtt nafn
- Eitt afgreiðslukerfi fyrir allar þjónustur
- Kortið aðgengilegt í snjallveskjum
- Sjálfsafgreiðsla á áfyllingu og aðgangsmiða
- Tengja við Mínar síður og Starfsmannagáttina
- Uppsetning greiðslukerfis innan Minna síðna

Ávinningur/ábat:

- Vara sem bæði borgarbúar og stjórnvöld hafa beðið eftir
- Þjónustur MÍR færðar af „legacy“ kerfum
- Aukið aðgengi að mælanlegum gögnum,
- Aukin tækifæri fyrir Mínar síður vegna greiðslugáttar
- Sjálfsafgreiðsla
- Minnkun á plast- og pappírnotkun Reykjavíkurborgar

Tímarammi: discovery fasi/uppgötvunarfasi: 4 - 5 mánuðir

Áætlaður kostnaður verkefnis: 3,2 m.kr

Óskað er eftir:

- Samþykkt á fjármögnun frá ÞON uppá 3,2 mkr
- Fá að fara í uppgötvunarfasa sem felur í sér að gera prótótýpu og prófanir ásamt neðangreindu:
 - Mönnum teymis - þ.m.t. framleiðanda, vöruhönnuð og tæknistjóra
 - Í framhaldi verður útbúið hagsmunahópur sem tekur þátt í mótun vöru
 - Áframhaldandi vinnustofur í formi 5 daga hönnunarsprettis. Lausnin verður kortlögð, skissuð, ákvarðanir teknar og útbúið verður frumgerð og hún prófuð áfram með notendum og borgarbúum
 - Samhliða verður tæknistrúktur teiknaður í samráði við UTR
 - Samtöl hefjast við núverandi samstarfsaðila, þ.m.t. BRP, söluaðila aðgangshliða og Teya

- Að auki verður rýnt í möguleika snjallveskis

Tegund verkefnis:
Fjárfestingaverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:
Staðfest skor verkefnaráðs dags: 15.6.2023: 5 51 5 5 3 3,53

Niðurstaða verkefnaráðs:

Mikil forvinna hefur átt sér stað, og gott að heyra að það sé mikill meðbyr með verkefninu innan sviðsins og að sviðsstjóri standi þétt á bak við þessa leið. Verkefnaráð fagnar því að farið sé í þessa vinnu og samþykkir verkefnið áfram í uppgötvunarfasa. Áhersla er lögð á að það verði vörustjóri með frá upphafi.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð samþykkir verkefnið áfram í uppgötvunarfasa (nánari greiningu)
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga og þjónustuhönnuð um niðurstöðu	EBB	x
2	Stafrænn leiðtogi heyrir í teymisstjóra vörustjóra uppá að fá vörustjóra með frá upphafi	LA	

Aftur í efnisyfirlit

Jira – fasi 1 MÍR

Mikilvægt er að hefja innleiðingu JIRA inn á Menningar- og Íþróttasvið (MÍR), setja upp tvo ferla til að byrja með og hefja innleiðingu fyrir starfsfólk til að auka sjálfvirkni og utanumhald umsókna sem unnar eru. Í dag tekur MÍR á móti beiðnum og umsóknum frá almenningi vegna styrkumsókna, frístundakorta og sundkorta, ásamt fyrirspurnum frá borgurum um þjónustu sviðsins við almenning. Beiðnir koma meðal annars í gegnum Mínar síður og tölvupóst sem haldið er utanum. Einnig koma beiðnir inn beint í gegnum síma og frá afgreiðslu sundstaðanna og er hvergi skráð.

Litið er á JIRA sem framtíðarsýn fyrir starfsmenn til að afgreiða þessi erindi, með því skapast tækifæri til að hafa yfirsýn og taka út tölfræði og gögn.

Stjórnendur eru meðvitaðir um leyfisgjöld og sýn sviðsins er að byrja á þessum pósthólfum, svo í framhaldi munu samskipti og umsýsla fara alfarið inn í JIRA árið 2024.

Búið er að gera:

- Teikna upp ferla og fyrirspurnir sem berast frá starfsmönnum/borgarbúum
- Fara í gegnum gátlista JIRA frá árinu 2022

Með verkefninu á m.a að:

- Setja upp ferla sem eru á bakvið pósthólfín sundkort@reykjavik.is og fristundakort@reykjavik.is inn í JIRA og hefja þannig innleiðingu kerfisins inn á skrifstofu menningar og íþróttasvið

Ávinningur/ábatí:

- Bætt þjónusta, rekjanleiki og bætt svörun
- Þjónustumælingar mögulegar og ítrun þjónustu
- Erindi forgangsröðuð eftir mikilvægi
- Hagræðing
- Tíma starfsmanna betur varið í önnur verkefni

Tímarammi: Q3 2023

Áætlaður kostnaður verkefnis: óverulegur

Óskað er eftir:

- Óskað er stuðnings verkefnaráðs við að hefja innleiðingu JIRA á Menningar og íþróttasvið
- Mannauð frá ÞON í verkefnið og aðstoð JIRA sérfræðings við að setja upp ferla og innleiða fyrir 4 starfsmenn
- Athugið að leyfisgjöld fyrir árið 2023 verða rukkuð í gegnum gjaldskrá

Tegund verkefnis:

Rekstrarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: skor 4 4 1 4 5 4 3,07

Niðurstaða verkefnaráðs:

Flott að heyra að það sé skýr sýn hjá sviðinu að yfirfæra ferla og umsýslu í verkbeiðnakerfi og að vita af því að það sé sterkur aðili á sviðinu sem mun halda utan um það í framhaldinu.

Fasi 1 felur í sér að hefja og setja upp verkefnið. Verkefnaráð áætla að þetta sé stöðugildi í eina til tvær vikur við að koma þessu upp. Fasi 2 gæti svo verið að setja upp eða leiðbeina.

Verkefnaráð styður þetta verkefni og ítrekar að gerð sé grein fyrir rekstrarkostnaði sem felur í sér leyfi, þjónustu og umsýslu við JIRA sem er fast gjald.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð samþykkir verkefnið
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga um niðurstöðu	EBB	x
2	Gera grein fyrir rekstrarkostnaði sem felur í sér leyfi, þjónustu og umsýslu	LA	

Aftur í efnisyfirlit

Gervigreind í þjónustu Reykjavíkur

Verkefnið er fyrsta skref borgarinnar í að móta vegferð og skoða þau tækifæri sem felast í gjörbyltingu á tæknihverfi með tilkomu ChatGPT og annarra svipaðra lausna.

Áskorunin hér er að undirbúa borgina fyrir gjörbyltingu á tæknihverfi með tilkomu gervigreindar og annarra svipaðra lausna.

Markmiðið er að:

- Kanna áhuga og sá fræjum innan borgarinnar um notkun gervigreindar
- Kortlagning á tækifærum og ógnum vegna gervigreindar
- Meta tækniinnviði borgarinnar
- Fræða starfsfólk/hvað, hvar, hvernig
- Safna fólki og verkefnum

Afrakstur verkefnis yrði:

- **Fræðsluefni:** Fræðsla og leiðbeiningar fyrir starfsfólk um nýtingarmöguleika gervigreindarlausna
- **Verkefnadrög:** Finna og móta einföld verkefni er varða nýtingu gervigreindar. Opnar vinnustofur og fleira
- **Aðgengisstefna:** Móta stefnu um aðgengi starfsfólks að lausnum eins og OpenAI og móta feril
- **Lagarammi:** Kanna lagaumhverfi er varðar gervigreind og miðla helstu atriða til starfsfólks
- **Uppfærð verkefni:** Verkefni sem eru í gangi og gæti þurft að endurskoða í ljósi gervigreinar
- **Næstu skref:** Halda utan um upplýsingar og móta tillögur að áframhaldandi vinnu með gervigreindarlausnir

Með verkefninu á m.a að:

- Undirbúa og meta hugsanlega notkun á GPT eða öðrum gervigreindarlausnum innan Reykjavíkurborgar.
- Ná betur utan um markhópa, notendur og hagsmunahópa, en þó er ljóst að vélþýðingar, gagnavinnsla og framlínu þjónusta tengjast viðfanginu og eftirfarandi teymi ættu því að hafa einhverja aðkomu: Gagnateymi, vélþýðingar, vefteymi, mínar síður, þjónustuver

Ávinningur:

- Bæta skilvirkni, draga úr kostnaði og auka þjónustu við íbúa
- Draga úr hættu á skaðabótaskyldu vegna ávarfærnislegrar notkunar á gervigreind
- Undirbúa jarðveg fyrir möguleg verkefni framtíðar sem byggja á gervigreind
- Mjög líklegur ávinningur af nýtingu gervigreindar
 - Draga úr tíma við textaskrif með mögulegri aðstoð gervigreindar
 - Draga úr tíma við leit í gögnum

Tímarammi: 3-4 mánuðir miðað við 2 stöðugildi

Áætlaður kostnaður 9,8 mkr. til uppsetningar á innanhústeymi

Óskað er eftir:

- Fjármagn 9,8 mkr. til uppsetningar á innanhústeymi
- Mun fjármagna 2 stöðugildi í 3-4 mánuði
- Koma aftur eftir 3 mánuði og kynna næsta fasa

Tegund verkefnis:

Uppgötvunarfasi – greining

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 15.6.2023: 2 2 1 2 5 2 1,87

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnaráð fagnar frumkvæðinu, og telur nauðsynlegt að gera þetta núna því breytingar eru svo hraðar. Við viljum vera stofnun sem er framarlega í þessum málafllokki. Lagt til að fara í undirbúning núna og leggja línur fyrir aðrar einingar borgarinnar. Þetta mun vera stefnumótandi og tengist öllum verkefnum sem eru í gangi núna og þarf að vera eðlilegur partur af þeim. Nauðsynlegt er að rýna hvað er til staðar í dag, svo þörfin og virðið sem skapast sé skýrt.

Mikilvægt að leggja vinnu í að framlínu starfsfólk sé með, auka skilning og finna út hvar virðið skapast í þjónustunni, hvort sparast fjármagn eða tími við mögulega nýtingu á gervigreind.

Verkefnaráð samþykkir að farið verði í þetta í sumar/fram á haust ef starfsfólk hefur svigrúm. Niðurstöður 3-4 mánaða vinnu verða kynntar stýrihóp og ákvörðun um næstu skref tekin í framhaldi.

Ákvarðanir

Nr.	
1	Verkefnið er samþykkt í uppgötvunarfasa/greiningu
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrgðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri tilkynnir stafrænum leiðtoga niðurstöðu verkefnaráðs.	EBB	x
2	Upplýsa deildarstjóra umbreytingar og fá úthlutað þjónustuhönnuði í sumar.	EBB	

[Aftur í efnisyfirlit](#)

Viðmið í gervigreindri þjónustu Reykjavíkurborgar

Gögn og nýting á þeim með gervigreind gerir borginni kleift að veita þjónustu með skilvirkari hætti og bæta gæði í þjónustu. Þó eru ýmis siðferðileg álitamál sem snúa að nýtingu gervigreindar og því hafa eftirfarandi leiðarljós verið gefin út.

Uppsetningin tekur mið af markmiðum þjónustustefnu borgarinnar. Viðmiðin er alls níu talsins.

Fagmennska

1. **Skiljanlegt** : Öll vinnsla sem byggir á gervigreind er skiljanleg og vel útskýrð fyrir bæði notendum og starfsfólki.
2. **Gagnsætt**: Notendum er gert ljóst hvar er notuð gervigreind í starfi borgarinnar og með hvaða hætti það er gert.
3. **Öruggt**: Tryggt er að kerfi sem nýta vinnslu með gervigreind séu vel varin og undir eftirliti.
4. **Ábyrgðaraðili**: Öll þjónusta sem byggir á gervigreind þarf að hafa tilgreindan ábyrgðaraðila sem er auðvelt hafa samband við.

Notendamiðuð þjónusta

5. **Gott fyrir fólk**: Nýting á gervigreind þarf að byggja á bættri þjónustu við notendur.
6. **Fyrir öll**: Þjónusta sem byggir á gervigreind þarf að tryggja að gögn sem liggja þar að baki endurspegli fjölbreytileika notenda.
7. **Réttlát**: Tryggt er að þjónusta sem byggir á gervigreind sé unnin af heilindum og taki mið af réttindum notenda.

8. **Stjórnað af fólki:** Ábyrgðaraðilar þjónustunnar getur fylgst með, gripið inni og brugðist við ef þess þarf.

Skilvirkni

9. **Skilvirk og mælanleg :** Ljóst þarf að vera með hvaða hætti gervigreind bætir þjónustuna áður en hún er nýtt. Eins þarf að vera ljóst með hvaða hætti á að mæla gæði þjónustu sem byggir á gervigreind.

Óskað er eftir:

- Góðkenningu/samþykki frá verkefnaráði fyrir að ofangreint séu viðmið í gervigreindri í þjónustu Reykjavíkurborgar

Tegund verkefnis:

Á ekki við

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Á ekki við

Niðurstaða verkefnaráðs:

Kynnt voru viðmið um gervigreinda þjónustu Reykjavíkurborgar. Frumkvæðinu fagnað og lagt til að taka þau inn í undirbúningsvinnu við stafræna stefnu borgarinnar. Verkefnaráð leggur áherslu á að þessi þróun er löngu komin á flug og því nauðsynlegt fyrir borgina að stíga skref í að undirbúa og leggja línurnar fyrir starfsfólk og þjónustuþega. Þetta er flott fyrsta skref og óskað eftir að þessu verði fylgt eftir, í samræmi við þau verkefni og áherslur sem koma fram úr verkefni um gervigreind í þjónustu borgarinnar.

Nr.	Ákvörðun
1	Fyrstu drög að viðmiðum um gervigreinda þjónustu samþykkt
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrgðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri tilkynnir stafrænum leiðtoga niðurstöðu verkefnaráðs	EBB	x
1	Stafrænn leiðtogi ÞON mun leiða verkefnið, kynna málsaðilum og fylgja eftir ítrun	BBA	
2	Upplýsingatæknistjóri mun kynna viðmiðin inn í vinnu v. stafræna stefnu	ÓÓE	

Aftur í efnisyfirlit

Starfsumsóknakerfi – fasi 2

Innleiðing á nýju starfsumsóknakerfi er að ljúka og er kominn tími á fasa 2 verkefnisins. Fasi 1 er nú á lokametrunum og tekur því fasi 2 við strax í kjölfarið. Fasi 1 fól í sér í stuttu máli að kaupa og setja upp 50skills umsóknakerfið til að nota við gerð auglýsinga og úrvinnslu umsókna.

Fasi 2 felur í sér að útfæra alla þá eiginleika sem þörf er á til að geta nýtt kerfið.

Búið er að gera:

- Verkefnið hófst í október 2020
- Samningur gerður við 50skills í febrúar 2022 í kjölfar samkeppnisútbóðs
- Innleiðing hófst vorið 2022 og kerfið tekið í notkun að hluta til þá og að öllu leyti haustið 2022
- Ný starfasíða fór í loftið í janúar 2023

Helstu áskoranir innleiðingar:

- Gerð starfasíðunnar tók mun lengri tíma en lagt var upp með
- Fá ákvörðun í ferilinn þegar kemur að stofnun starfsmanna í SAP og flæði ráðninga gagna þar inn
- Vinna utanaðkomandi sérfræðinga við samþættingar umfangsmeiri en gert var ráð fyrir

Með verkefninu á að:

- Uppfæra starfasíðuna svo hún bjóði uppá „labels“ ásamt hverfaskiptingu
 - Þannig verður hún mun notendavænni og auðveldara verður að leita eftir störfum
- Klára tengingu við SAP þegar kemur að flæði ráðningagagna úr 50skills og stofnun nýrra starfsmann í SAP
 - Þannig komið í veg fyrir að launafulltrúar þurfi að hlaða niður umsækjendagögnum á tölvurnar sínar
 - Dregur úr hættu á innsláttarvillum
 - Ekki síst tímasparnaður fyrir þau sem koma að úrvinnslu ráðninga
- Útbúa tengingu við Hlöðuna þannig að gögn tengd ráðningum geti flætt þar inn
 - Verður til þess að ekki gleymist að vista öll gögn í Hlöðunni
 - Ekki þarf að vista nein gögn á tölvum

Ávinningur/ábati:

- Sjá inndregna punkta hér að ofan

Tímarammi: 15-20 vikur

Áætlaður kostnaður verkefnis: 10 - 15 mkr.

Óskað er eftir:

- Fjármögnun frá PON uppá 10-15 mkr. sem felur í sér aðkomu Origo og Advania varðandi tengingar við SAP, uppfærsla á starfasíðunni, aðkoma Hugvits vegna Hlöðunnar og verkefnastýring.

Tegund verkefnis:
Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:
Staðfest skor verkefnaráðs dags: 15.6.2023: 5 5 1 5 5 2 3,47

Niðurstaða verkefnaráðs:

Fasa 1 er lokið, lausnin fer í rekstur í júlí 2023. Mikil ánægja með lausnina og nú þegar sýnt góðan árangur. Áætlað er að það muni skapa gríðarlegan tímasparnað fyrir stjórnendur, mannauðsdeildir og starfsfólk að sjálfvirknivæða úr 50skills yfir í SAP/Hlöðu ef horft er til umfangs umsýslu og handavinnu um alla borg. Að auki mun það auka öryggi og persónuvernd verulega og minnka áhættu á mistökum. Verkefnaráð óskar eftir að ábatamatið verði tekið saman fyrir fasa 2 og kynnt stýrihóp.

Gott að fá aðgreiningu á kostnaði við aðkomu Advania/webmethods og kostnað við tengingu Origo. Sá kostnaður sem tengist uppsetningu í webmethods þarf ekki að endurvinnna þegar að því kæmi að mögulega þyrfti að skipta um mannauðskerfi.

Verkefnið um fasa 2 er samþykkt í verkefnaráði. Þakkað er fyrir góða samantekt og skýr næstu skref. Augljóst þykir að þessi áframþróun og sjálfvirknivæðing muni skapa mikið hagræði í tímasparnaði.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð samþykkir verkefnið
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri tilkynnir verkefnastjóra um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB	x
2	Verkefnastjóri setji fram ábatamat með eiganda	SGL	

Aftur í efnisyfirlit

Átak í teikningaskönnun – beiðni um breytta ráðstöfun fjárfestingar

Verkefnið er að koma öllum verkfræðiteikningum byggingarfulltrúa Reykjavíkur úr skjalageymslum á Höfðatorgi og hjá Borgarskjalasafni, um ein milljón teikningar, á rafrænt form og gera þær aðgengilegar á teikningavef Reykjavíkurborgar. Mikil eftirspurn er eftir teikningum á rafrænu formi af notendum, bæði almennungi, íbúum, fagaðilum, borgarstofnunum og öðrum hagsmunaaðilum. Heimild til þess að hefja átaksverkefni í teikningaskönnun var samþykkt á fundi borgarráðs þann 6. maí 2021 sbr. 8 lið fundargerðar ráðsins. Áætlaður framkvæmdartími var frá apríl 2021 til desember 2023 og gerði frumkostnaðaráætlun ráð fyrir árlegum kostnaði upp á 45mkr, samtals 135.mkr. Þegar sú áætlun var gerð hafði ástand, gerð og fjöldi teikninga ekki verið staðfestur enda þurfti heimild fyrir fjármagni til að vinna það verkefni. Í fyrstu var

áætlað að vinna verkefnið eingöngu með starfsfólki sem ráðið yrði inn í verkefnið og búnaði sem borgin keypti en við greiningu kom í ljós að hagkvæmara yrði út frá heildarsjónarmiðum að bjóða verkið út enda var til staðar á markaði fleiri en einn aðili er boðið gætu í verkið. Óskað var eftir heimild borgarráðs til að hefja útboð á skönnun teikninga sem samþykkt var á fundi Borgarráðs nr. 5645, 11.nóvember 2021 lið 7.

Verkefnið fór hægar af stað vegna ráðninga og mannabreytinga og áskoranir í aðföngum og flutningum á fyrri hluta árs 2022 m.a. vegna heimsfaraldurs tafði framgang.

Fjárfestingaráætlun 2023 var síðan færð úr 45 mkr. upp í 60 mkr. til að endurspegla framgang verkefnisins innan fjárfestingarramma. Vinna við endurskoðun áætlunar hófst um áramótin 2022-23 en þá hafði loks náðst nokkuð góð heildarmynd á þær áskoranir í verkefninu sem ekki hafði verið unnt að gera ráð fyrir í frumkostnaðaráætlun.

Búið er að gera:

- Stærstum hluta undirbúnings við framkvæmd lauk undir lok árs 2021
- Skönnun á teikningum fór af stað í áföngum sumarið 2022
- Rúmlega 112 þúsund verkfræðiteikningar voru komnar inn á Teikningavef (skjalasafn.reykjavik.is) í nóvember 2022
- Búið að senda til skönnunar 82 vörubretti af teikningum úr Borgartúni
- Búið að senda allar teikningar úr Borgarskjalasafni, 19 bretti
- Búið er að skanna inn allar teikningar úr Borgarskjalasafni og eru þær komnar á vefinn
- 30. maí voru tæplega 380þús teikningar komnar á teikningavefinn, áætlað rúmlega þriðjungur teikninga
- Áætlað að 600 þúsund teikningar verði aðgengilegar á vefnum árið 2023 og skönnun ljúki öðru hvorum megin við áramót

Með verkefninu á m.a að:

- Koma öllum verkfræðiteikningum byggingarfulltrúa Reykjavíkur á rafrænt form og gera aðgengilegar á teikningavef Reykjavíkurborgar
- Verða við eftirspurn eftir teikningum á rafrænu formi

Ávinningur/ábati:

- Aukin sjálfsafgreiðsla og veruleg fækkun beiðna í þjónustuveri, Borgarskjalasafni og skjalastýringu
- Mat á fjölda beiðni áður en verkefni hófst var
- Beiðnir á netfang teikningar@reykjavik.is, heimsóknir í þjónustuver og fyrirspurnir í netspjalli
 - Áætlað um 6357 beiðnir á ársgrundvelli
 - Afgreiðslur frá Borgarskjalasafni áætlaðar um 500 beiðnir á ári
 - Samtals áætlað um 49 vinnuvikur á ári við upplýsingagjöf vegna teikninga
- Teikningar birtast á Borgarvefsjá
- Hagræðing í geymsluaðstæðum og prent/ljósritunarkostnaði
- Mínn kolefnisfótspor með fækkun ferða í Borgartún og Borgarskjalasafn
- Endurskilgreining á skráningum og tengingum við önnur kerfi bætir gæði gagna

- Gefur möguleika á frekari umbreytingaverkefnum í hagnýtingu teikninga í öðrum kerfum
- Rafrænar undirritaðar teikningar verða birtar á teikningavefnum á sambærilegan máta
- Mun betri þjónusta við íbúa og fagaðila

Breyting á tíma og kostnaðaráætlun:

Búið er að gera uppfærða verk, tíma- og kostnaðaráætlun miðað við nýjustu upplýsingar um umfang og kostnað en nú er gert ráð fyrir að verkefninu ljúki á árinu 2024. Helstu áhrifaþættir í uppfærðri áætlun miða að raunmagni teikninga, kostnaði við afgreiðslu teikninga sem eru í skönnunarferlinu til að viðhalda þjónustustigi og launakostnaður við skráningu.

- Tími – upphafleg lok í desember 2023, óskað eftir að lengja út árið 2024
- Kostnaður – fer úr 135 mkr. í 240 mkr. skv. kostnaðaráætlun 1

Skýringar á uppfærði áætlun og mati:

Verkefnið hefur verið skipulagt með það að leiðarljósi að finna hagkvæmstu lausnir við að útfæra upphaflega áskorun, að skanna og skrá teikningasafn séruppdráttá á pappír. Ekki var hægt að meta og taka ákvarðanir um útfærslu í upphafi verkefnis og þar af leiðandi að fullmeta kostnað ákveðinna verkþátta. Nú þegar verkefnið er komið á full afköst með fyrirsjáanleika á ávinningi, kostnaði og framvindu er myndin orðin skýr.

Helstu skýringar:

- Hækkun einingarverða í takt við vísitölu neysluverðs á verktímabili
- Skönnunartími er lengri en áætlað var
- Meiri fjölbreytni í stærð og gerð teikninga en ráð var gerð fyrir
- Skráningartími, nákvæmni og leiðréttingar eru umfangsmeiri en gerð var ráð fyrir
- Verra ástand teikninga hjá Borgarskjalasafni en ráð var gerð fyrir
- Fjöldi beiðna eftir gögnum sem eru í skönnunarferli er mun meiri en gerð var ráð fyrir
- Afköst skönnunar meiri en skráningarhraði sem skapar flöskuhálsa

Óskað er eftir:

- Óskað eftir heimild til að aðlaga fjárfestingaáætlun ársins 2023 upp á 112 mkr. og áætlun upp á 60 mkr. áætlun 2024
- Heildarkostnaður verkefnisins er áætlaður 240m.kr. miðað við kostnaðaráætlun 1.
- Ef halda þarf í óbreyttan fjárfestingaramma þarf að hægja á framkvæmd eða hætta í miðju verki, bæði þegar kemur að skönnun teikninga sem og skráningu þeirra. Það mun fela í sér áframhaldandi kostnað og vinnu við öflun teikninga með fyrirspurnum og afgreiðslu sem annars er hægt að hætta. Það myndi einnig hækka heildar kostnað verkefnisins til framtíðar þar sem ekki verður hægt með því móti að ljúka því árið 2024 eins og lagt er til. Í tillögnum næst mestur ábati bæði fyrir íbúa og starfsfólk.

Tegund verkefnis:

Fjárfestingaverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 15.6.2023: 5 5 1 4 5 3 3,47

Niðurstaða verkefnaráðs:

Rýna þarf hvaða tvær heimildarbeiðnir voru samþykktar, upphafleg áætlun og svo hver hin uppfærða áætlun var í kjölfar greiningar og útboðsins í samþykkt í kjölfar útboðs, í samþykkt borgarráðs. Leggja þarf uppfærða kostnaðaráætlun fyrir borgarráð til samþykktar.

Skrifstofustjóri upplýsinga og skjalastýringar safnar saman upplýsingum og kemur þeim til verkefnaráðs.

Rýnd var heimildarbeiðni, dagsett 22.október 2021, „Heimild til að hefja útboð á skönnun teikninga í átaksverkefni – R21050004“ og „Skýringar vegna verkefnaráðsfundar“.

Þarna kemur fram að þann 6.maí 2021 var heimild samþykkt á fundi borgarráðs til að hefja átaksverkefni í teikningaskönnun. Frumkostnaðaráætlun var 45 milljónir á ári til þriggja ára.

Staða átaks í verkefnaskönnun var kynnt 7. á fundi Stafræns ráðs 9.11.2022 í 4. lið. (ÐON22110017) Fundargerð ráðsins fór fyrir fund Borgarstjórnar 15.11.2022 í 9. lið fundargerðar. Í kynningu stafræns ráðs var fjallað um aðdraganda og stöðu verkefnisins í nóvember 2022. Þar kom fram að útboði á skönnun, pökkun og skráningu lauk um áramót 2021. Áskoranir komu upp í aðföngum og flutningum aðfanga fyrri hluta árs 2022 en undirbúningi við framkvæmd lauk að mestu leyti sumarið 2022. Skönnun teikninga hófst 2022 og stendur yfir í áföngum. Þar var kynnt að uppfærð áætlun væri í vinnslu.

Sú áætlun kom núna til framlagninar á fundinn og er verkefnið samþykkt. Verkefnaráð bókar að nauðsynlegt sé að ljúka þessu verkefni til að styðja við stafræna vegferð, sjálfsafgreiðslu og önnur verkefni.

Skrifstofustjóri upplýsinga og skjalastýringar þarf að leggja fram uppfærða kostnaðaráætlun fyrir borgarráð til samþykktar.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð samþykkir breytta ráðstöfun fjárfestingar og færslu á tíma verkefnis
2	Leggja þarf uppfærða kostnaðaráætlun fyrir borgarráð til samþykktar

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri tilkynnir skrifstofustjóra og verkefnastjóra um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB	x
2	Skrifstofustjóri upplýsinga og skjalastýringar safnar upplýsingum og sendir á verkefnaskráarstjóra	ÓPP	x
3	Skrifstofustjóri upplýsinga og skjalastýringar leggur fram uppfærða kostnaðaráætlun fyrir borgarráð til samþykktar	ÓPP	

Aftur í efnisyfirlit

Bókun á verkefnaráðsfundi:

Tekið fyrir:

Fyrirhuguð frestun á verklokum verkefnisins „Frumathugun á könnunarhugbúnaði (POC)

Verkefnastjóri flaggaði tilkynningu um frestun á verklokum í verkefninu um þrjá mánuði, tekin saman mjög góð og ítarleg greinargerð sem lýsir ástæðum frestunar.

- Tímalína lengist úr 10 mánuðum í 13 mánuði
- Kostnaður fer ekki yfir frumkostnaðaráætlun við frestun. Við áætlaðan kostnað án frestunar bætist við um þriggja mánaða laun verkefnastjóra.

Ávinningur

- Ávinningur við frestun verkloka er fyrst og fremst að fá meiri tíma fyrir verkefnahóp til að leysa úr vandamálum sem upp hafa komið í Qualtrics.
- Prófa hugbúnaðinn Qualtrics til hlítar í raunumhverfi fyrir þjónustumælingar.
- Meiri tími til að reyna að fá aðstoð með M365 og skoða þann möguleika enn betur.
- Betri og raunsannari niðurstöður fyrir verkefnahóp og fyrir verkefnaráð þegar taka þarf ákvörðun um hvort miðlægur könnunarhugbúnaður sé lausnin fyrir Reykjavíkurborg.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnaráð leggur áherslu á að tekið sé mið af lengingu verkefna útfrá upphaflegri tímaáætlun. Þrír mánuðir af upphaflega tíu mánaða tímaáætlun er frekar mikil viðbót sem ber að hafa í huga.

Verkefnaráð samþykkir áframhald verkefnisins.

Nr.	Ákvörðun
1	
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri tilkynnir verkefnastjóra um niðurstöðu	EBB	x
2			

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur

Næsti fundur verkefnaráðs ÞON verður haldinn þann 15.06.2023